

# Fréttabréf AFLs

4. tbl. 2022

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



## Tíu milljónir í barneignastyrki – stefnir í 40% aukningu sjúkrastyrkja

AFL Starfsgreinafélag hefur greitt alls 10 milljónir króna í barneignastyrki það sem af er af árinu. Það eru 69 foreldrar sem hafa fengið greidda styrki að meðaltali 144.000. Hámarksstyrkur er kr. 150.000 fyrir foreldri með nýju barni en greitt er hlutfallslega ef réttur viðkomandi í sjúkrasjóð er ekki fullur. Athugið ef félagsaðild foreldris nær ekki sex mánuðum fyrir fæðingu barns er ekki greiddur barneignastyrkur.

Ef foreldrar eru báðir félagsmenn í AFLi - fá báðir foreldrar barneignastyrk og er réttur hvors um sig sjálfstæður réttur. Sama á við um fjölburaefæðingar – að foreldrar eiga

rétt á styrk með hverju barni.

Á aðalfundi AFLs í vor var samþykkt að taka upp barneignastyrki og samþykkti fundurinn að láta reglugerðina virka afturvirktil til 1. janúar 2022. Nokkrar fyrirspurnir bárust um rétt v. barna fædd á síðari hluta 2021 en eftir umræður í stjórn þótti liggja ljóst fyrir að samþykkt aðalfundar félagsins var skýr – afturvirknin var vegna barna fædd á árinu 2022.

Fæðingarstyrkir eru heldur meiri en áætlað var – en áætlanir félagsins byggðust á fæðingartölum nokkur undanfarin ár.

Formaður AFLs, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, segir það bara koma ánægjulega á óvart og þetta

sé gleðiefni og að sjóðurinn muni þola þetta álag. Mikill fjöldi fæðinga sé merki um kraftmikið og ungt samfélag.

Styrkir sjúkrasjóðs eru orðnir um 38 milljónir það sem af er ári og hafa 822 félagsmenn fengi styrki úr sjúkrasjóðs.

Langhæsti flokkurinn eru barneignastyrkir en næst koma gleraugnastyrkir upp á 4,5 milljónir og þá dánarbætur starfandi félaga upp á 4,2 milljónir. Geymdur réttur dánarbóta er 2,2 milljónir. heilsueflingarstyrkir nema 3,6 milljónum og tæknifrjógungun 2,6 milljónum, ferðastyrkir eru 2,4 milljónir og aðrir styrkir lægri. Heildarstyrkir sjúkrasjóðs fyrir

2021 voru 35 milljónir króna og munar því talsvert um nýstofnaða barneignastyrki.

Búast má við að heildarstyrkir ársins fari yfir 50 milljónir króna og er áætlað að barneignastyrkir verði um 14 milljónir við ársuppgjör.

Sjúkradagpeningar námu í fyrra 174 milljónum króna en það sem af er þessu ári eru sjúkradagpeningagreiðslur orðnar 105 milljónir króna og stefna í 150 milljónir fyrir árið.

## Kjarasamningar og kröfugerðir

Starfsgreinasamband Íslands hefur lagt fram kröfugerð vegna komandi kjaraviðræðna en gildandi aðalkjarasamningur SGS rennur út 1. nóvember næstkomandi. Kröfugerðin er nokkuð ítarleg en aðalkrafa er að launahækkanir verði í krónutölu en ekki prósentuhækkun en jafnframt að launataflan verði lagfærð og starfsaldurshækkanir settar inn fyrir 7 ára og 10 ára starfsaldur. (Launatöflur SGS voru með starfsaldurshækkun við 7 ára starfsaldur til 2014 en þetta þrep var afnumið þá.)

Einnig er gerð krafa um að bónusar og aðrir launaliðir fylgi almennum taxtahækkunum. Einnig að ákvæði síðasta kjarasamnings um hagvaxtarauka verði framlengt.

Í kröfugerðinni kemur ekki fram hversu mikilla launahækkana verður krafist en búast má við að þær verði umtalsverðar enda hafa bæði verðhækkanir og vaxtahækkanir dunið yfir alþýðu manna síðustu mánuði.

Meðal annarra krafna má nefna kröfu um að 1. maí verði stórhátíðardagur svo og að



Sumarið er tími framkvæmda og er þá gjarnan þensla á vinnumarkaði. Hér er verið að leggja malbik á í miðbæ Egilsstaða. Framundan eru hins vegar viðræður enda aðalkjarasamningur Starfsgreinasambandsins laus frá 1. nóvember.

aðfangadagur og gamlársdagur verði að fullu frídagar.

Gerð er krafa um að 80% starf í vaktavinnu svari til 100% launa og er það í takt við það sem samið hefur verið um á opinberum vettvangi

– m.a. við hjúkrunarfræðinga. Þá er og gerð krafa um vinnutímastytting verði með sama hætti og á opinberum vettvangi – þ.e. um 13 mínútur á dag án áhrifa á neyslulhlé.

Nánar er fjallað um nokkur önnur atriði í kröfugerð SGS hér í blaðinu.

# Umhverfið þegar kjaraviðræður hefjast

Þegar viðræður um nýjan kjarasamning eru að hefjast eru efnahagshorfur að mörgu leyti jákvæðar og rekstrarafgangur fyrirtækja hefur verið mikill síðustu ár. Engu að síður eru blíkur á lofti og neikvæð áhrif eru að verðbólga hefur ekki verið hærrí í mörg ár og stýrivaxtahækkunir hafa haft veruleg áhrif á afkomu fólks með óverðtryggt lán og aukni greiðslubyrði þess.

Svo virðist sem verðbólga hafi náð hámarki og sé jafnvel á niðurleið en hafa ber í huga að stór hluti verðbólgunnar er innflutt verðbólga – þ.e. hækkunir á aðföngum fyrirtækja og innfluttri vöru. Verðhækkunir hafa þó verið meiri erlendis en innanlands og hefur styrking krónunnar nokkuð vegið upp verðbólgu erlendis. Þó má búast við því að ekki allar erlendar verðhækkunir hafi skilað sér til landsins og því má búast við áframhaldandi hækkunum t.d. á matvöru.

Samtök atvinnulífsins hafa hafið upp hefðbundinn söng um að lítið svigrúm sé til launahækkana. Þetta eru sömu skilaboð og samtökin hafa

flutt við gerð allra kjarasamninga frá því að sögur hófust.

Þessi skilaboð koma þrátt fyrir að daglega berist fréttir af góðri afkomu fyrirtækja, til dæmis tugmilljarða afkomu útflutningsfyrirtækja og að öll hótél séu fullbókuð allt ferðamannatímabilið. Það er því lítið mark takandi á þessum boðskap.

Framleiðnivöxtur á Íslandi hefur verið yfir 1,5% á ári á 16 af síðustu 24 árum og langtíma meðaltal vaxtar á framleiðnivexti nálgast 3,5%.

Laun og framleiðni hafa haldist nokkurn veginn í hendur frá síðustu aldamótum nema hvað launahlutfallið lækkaði talsvert í kjölfar bankahrunsins. Launin hafa síðan verið að nálgast framleiðni síðan en eftir 2018 hefur framleiðni aukningin verið umfram laun – þannig að svigrúm til launahækkana ætti að vera talsvert.

Einkaneysla hefur vaxið verulega á þessu ári og síðasta og atvinnuástand er svo gott að skortur á starfsfólki er eitt helsta vandamál fyrirtækja. Útflutningsfyrirtækin standa vel og hafa skilað miklum hagnaði síðustu ár.

# Áhrif af krónutöluhækkunum launa

Síðasta áratug hafa launahækkunir í kjarasamningum Alþýðusambandsfélaga yfirleitt verið krónutöluhækkunir. Þannig hækka allir taxtar um sömu krónutölu og var það álitid mikið réttlætismál á sínum tíma.


Fylgífiskur þessarar aðferðar er að launatöflur „þjappast“ saman þannig að launamunur innan töflu verður alltaf hlutfallslega minni.

Talið hefur verið að þetta auki jöfnuð í landinu – en gallinn við þessa framkvæmd er að önnur launþegasambönd hafa ekki farið eftir þessu að verulegu leyti. Og laun í efstu lögum samfélagsins fara alls ekki eftir „krónutöluleiðinni“ og þannig eykst aðeins jöfnuður innan Alþýðusambandsins og eykst milli félagsmanna þess og annarra.

Á myndinni sést að báðir hóparnir hafa bætt verulega við kaupmátt frá 2004 þegar núverandi launatafla var tekin upp – en lægsti launaflokkur áberandi meira en bílstjórnarnir. Þá hefur launavísitala hækkað meira en launaflokkur 17 hjá SGS sem þýðir að efri launaflokkar innan SGS hafa „hlutfallslega“ tapa kjörum samanborið við landsmenn alla á þessum 18 árum.

Launaflokkar og þrep voru hugsuð til að umbuna fyrir sérstök störf sem voru talin erfiðari eða kalla á meiri færni. Þannig gátu verkamenn bætt kjör sín með því afla sér t.d. aukinna ökuréttinda, sótt fiskvinnslunámskeið og þannig mætti telja. Þessi umbun hefur farið stíglækkandi hlutfallslega með þessari samþjöppun á töflu.

Ef launaþróun hópferðarbílstjóra



Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun lægsta kauptaxta SGS samanborið við laun í flokki 17 sem eru hópferðarbílstjórar með 5 ára starfsreynslu hjá sínu fyrirtæki (einnig fiskeldisfræðingar frá Háskólanum á Hólum) og til samanburðar neysluvísitölu og launavísitölu.

hefði verið sama og í lægsta flokki SGS væru þeir með í dag kr. 473.015 kr. í mánaðarlaun en eru með kr. 401.181. Það er munur upp á um 800 þúsund krónur á ári.



Frá fundi samningafundi í síðustu kjarasamningum. Hjördis Þóra Sigurþórsdóttir, fyrir miðju, var hluti af samninganefnd Starfsgreinasambandsins. Mynd: Ernir Eyjólfsson

## Orlofsrétturinn flytjast með

Gerð er krafa um að orlofsréttur sem og önnur persónubundin áunnin réttindi – s.s. veikindaréttur, flytjast milli launagreiðenda. Þá er og gerð krafa um að lágmarksorlof verði 30 dagar og 13,04%.

Þetta er með fyrirmynd í launakerfi ríkisins og Sambands Sveitarfélaga þar sem allir hafa 30 daga í orlof.

Í dag tekur það venjulegt verkafólk 10 ára starf hjá sama fyrirtæki að fá sama orlofsrétt á byrjandi í starfi hjá ríki eða sveitarfélögum fær.

## Veikindaréttur í kröfugerðinni

Í kröfugerð Starfsgreinasambandsins er gerð krafa um að allur veikindaréttur verði greiddur á staðgengilslaunum en í nógildandi samningum er aðeins fyrsti mánuður í veikindum greiddur á staðgengilslaunum og síðan eru lokamánuðirnir greiddir á dagvinnulaunum.

Fólk sem vinnur t.d. mikla vaktavinnu og hefur bónus eða aðra launaauka getur því orðið fyrir miklu tekjufalli í veikindum.

Þá er gerð krafa um réttur til launa í veikindum barna verði aukinn og að fólki verði auðveldað að sinna nánnum skyldmönnum í veikindum, til dæmis með notkun á eigin veikindarétti og/eða greiðslum úr almannatryggingakerfi.

Þá er gerð krafa um að réttur til veikindalauna og önnur persónubundin réttindi (s.s. orlofsréttur) haldist við flutning milli launagreiðenda.



# Átök innan verkalýðshreyfingarinnar

Á komandi Alþýðusambandsþingi verður kjörinn nýr forseti. Drífa Snædal, sem verið hefur forseti síðustu ár hefur sagt af sér og látið af störfum. Hún mun ekki gefa kost á sér aftur. Kristján Þórður Snæbjarnarson, 1. varaforseti Alþýðusambandsins gegnir nú starfi forseta en hefur lýst því yfir að hann muni ekki gefa kost á sér til forsetakjörs.

Það er því ekki ljóst hver eða hverjir verða í kjöri þó ýmis nöfn hafi verið nefnd í því sambandi. Nokkur verkalýðsfélag sendu frá sér ályktun í kjölfar afsagnar Drífu – og höfðu nokkrir félagsmenn samband við skrifstofu félagsins og sökuðu þess að hafa ekki séð nafn formanns AFLs undir þeirri ályktun.

Allt frá því að Sólveig Anna Jónsdóttir tók við formennsku í Eflingu hefur gústað um hreyfinguna og á Alþýðusambandsþingi 2018 varð fylking sem m.a. Efling og VR voru í fararbroddi fyrir nokkurri forystu innan Alþýðusambandsins. Þessi fylking stóð m.a. að baki forsetakjöri Drífu.

Sjónarmið stjórnar AFLs er að innanfélagsmál hvers félags – séu innanfélagsmál – og að önnur félög eigi sem minnst að fjalla um þau og allra síst í fjölmiðlum. Einnig að átök milli einstaklinga í forystunni séu ekki endilega til þess fallin að auka veg hreyfingarinnar.

Það verður þó að gera greinarmun hér. Átök um málefni og efnisleg umræða er hreyfingunni til góða og framdráttar. Hreyfing er lifandi

hreyfing og er samsett af á annað hundrað þúsund einstaklingum sem hver um sig hefur sína sýn á hlutum og mismunandi stjórnmálaskoðanir. Því fer þannig víðs fjarri að ekki sé og hafi alltaf verið, ágreiningur um stefnumál og áherslur.

Síðari árin hefur samfélagsumræða fæst að mestu yfir á samfélagsmiðla og orðið harðari og ófyrirleitnari en áður tíðkaðist. Í umræðu þar er erfitt að ná að halda umræðu á málefnalegum nótum því stutt er í persónusvívirðingar og dónaskap.

AFL Starfsgreinafélag hefur neitað að láta skipa sér í fylkingar eða flokka innan hreyfingarinnar og mun alltaf láta málefni ráða afstöðu sinni. Forystufólk kemur og fer en verkefnið verður alltaf hagsmunir félagsmanna. Forysta AFLs hefur

ekki talið það félaginu til framdráttar eða hagsmunum félagsmanna til bóta að blanda sér í þá umræðu sem farið hefur fram á samfélagsmiðlum.

Það er líka rétt að minna á að því fer fjarri að þetta sé í fyrsta sinn sem vindar gusta um Alþýðusambandið. Í langri sögu þess hefur oft verið tekist harkalega á um menn og málefni en verkalýðshreyfingunni hefur alltaf borið gæfa til að koma standandi niður og getað einbeitt sér að verkefnum sínum. Svo verður einnig nú.

Í komandi kjarasamningum er brýnt að verkalýðsfélögin innan Alþýðusambandsins standi saman – eða í það minnsta – vinni ekki gegn hvert öðru. Formenn eru ekki kosnir til að vera vinir – heldur til að vinna að hagsmunum félagsmanna.


## 6.444 félagar

Félagsmenn AFLs Starfsgreina-félags síðustu mánuði hafa verið 6.444. Félagsmenn koma úr ýmsum áttum og eru í dag af 60 þjóðernum. Fjölmennastir eru Íslendingar og síðan Pólverjar og því næst koma Rúmenar og Tékkar.



Aðeins 19 Úkraínnumenn eru í félaginu þrátt fyrir spár um að þeim myndi fjölga mjög í kjölfar stríðsins þar en svo virðist sem flóttamennirnir hafi að mestu sest að á höfuðborgarsvæðinu.

Félagið er ungt félag og meiripartur félagsmanna er undir 35 ára aldri og félagið er einnig nokkuð karllægt – þar sem meirihluti félagsmanna eru karlar og drengir.

Elsti félagsmaður sem skilaði iðgjöldum síðustu mánuði er 77 ára gamall en nokkur fjöldi er á aldrinum 70 – 77 ára. Yngstu félagsmennirnir eru 13 ára gamlir og starfa við ferðaþjónustu. Elstu félagsmennirnir starfa sem bílstjórar, í byggingarvinnu og við sjómennsku – auk annarra starfa.



Meðalmánaðarlaun allra félagsmanna – án tillits til starfshlutfalls eða fjölda mánaða við vinnu eru 547.000.



## Endurbætur á Hornafirði

Verið er að undirbúa verulegar endurbætur og viðhald á húsnæði félagsins að Víkurbraut 4 á Höfn. Húsið er orðið verulega viðhaldsþurfi og heldur austurgafliinn varla vatni né vindum. Samkomulag er meðal allra eigenda hússins um að ráðast í nauðsynlegar viðgerðir og að skipta um utanhússklæðningu og endurnýja glugga og hurðir eftir þörfum.

Verkfræðistofan Mannvit mun aðstoða húsfélagið við hönnun verksins og val á verktaka. Stefnt er að því að verkefnið hefjist á næstu vikum.

AFL mun að lokinni utanhússviðgerð taka húsnæði félagsins innandyra í gegn en það fékk síðast andlitslyftingu fyrir um 20 árum.



Skrifstofa AFLs á Höfn.

## Mesta verðbólga í árabíl

Á þessu ári hefur verðbólga verið um 9% og hefur aðallega verið drifin áfram að hækka á eldsneyti og húsnæði.


Þessi mikla verðbólga og viðbrögð við henni munu hafa mikil áhrif á kjaraviðræður enda hefur launafólk séð kaupmátt launa sinna lækka talsvert á síðustu mánuðum og því ljóst að launakröfur í komandi kjarasamningum munu miða við

að bæta launafólki kjararyrnum og auka kaupmátt.


Aðgerðir stjórnvalda munu því skipta miklu máli.

Þá hafa verið skiptar skoðanir um að hafa húsnæðisliðinn inni í mælingum á neysluvísitölu. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun verðbólgu að teknu tilliti til húsnæðisverðs og hrávöru undanfarna mánuði.

### Áhrif húsnæðis og hrávöru mikil í verðbólgu



### Áhrif húsnæðis og hrávöru mikil í verðbólgu



## Alger kyrrstaða í sjómannasamningum

Ekkert hefur miðað í samningum sjómanna síðustu mánuði. Aðilar hafa fjarlægst hvorn annan ef eitthvað er. Útgerðarmenn hafa neitað öllum kröfum um að koma til móts við sjómenn er varðar hækkað mótframlag í lífeyrissjóð og krefjast þess að það komi af skiptaprósentu. Því hafna sjómenn alfarið. Þá hafa útgerðarmenn neitað að hækka kauptryggingu og aðra launaliði í samræmi við lífskjarasamning og krefjast æ aukinnar hlutdeildar í hagræðingu við fækkun í áhöfnum skipa.

Það liggur því fyrir að sjómenn þurfa á næstu vikum að taka ákvörðun um annað hvort verkfallsboðanir eða að slá af

kröfugerð til að freista þess að ná samningum. Kauptrygging háseta er í dag kr. 326.780 og hefur verið óbreytt síðan 2019. Það er því ljóst að það er hagsmunamál fyrir marga sjómenn að endurnýja kjarasamninginn því útgerðarmenn hafa harðneitað að hækka kauptryggingu.

Boðað hefur verið til formannafundar Sjómanna-sambandsins um næstu mánaðarmót. Þar verður m.a. fjallað um næstu skref í kjaraviðræðum og um land allt eru sjómannafélög og sjómannadeildir að hafa samráð við félagsmenn og kanna vilja manna til verkfallsaðgerða.



Börkur við bryggju í Neskaupstað.

## Húsnæðismarkaður á tímamótum

Eftir linnulausar verðhækkningar á húsnæði síðustu misseri hefur heldur dregið úr hækkingum síðustu þrjá mánuði. Hækkningar hafa ekki síst verið knúnar áfram af aðgangi kaupenda að óverðtrygðum lánum á lágum vöxtum og því hafa stýrivaxtahækkningar síðustu mánaða þegar hægt á umsvifum á markaði.

Húsnæðisverð á nýjum íbúðum er hluti af neysluvísitölu Hagstofunnar og því hafa verðhækkningar á húsnæði vegið verulega inn í verðbólguáætlun síðustu ár og misseri. Síðustu mánuði hefur hins vegar verið

flótti úr óverðtrygðum lánum á breytilegum vöxtum yfir í verðtrygð lán.

Með því að vaxtabótakerfið hefur verið nánast eyðilagt með því að halda tekjuviðmiði óbreyttu þannig að ef fólk yfirhöfuð hefur efni á að kaupa fasteign er það nánast sjálfkrafa komið yfir tekjumörk til að fá vaxtabætur enda hafa útgjöld til vaxtabóta farið hraðminnkandi frá 2011.

Það liggur því fyrir að erfið staða á lánamarkaði mun hafa áhrif á samningaviðræður og að krafa verður um að böndum verði komið á vexti og vaxtabótakerfinu komið í samt lag.



Frá orlofsíbúðum AFLs á Akureyri. Mynd: GG

## Úthlutun orlofsíbúða og húsa um jól og áramót

Úthlutun íbúða og orlofshúsa félagsins um jól og áramót hófst í vikunni. Bókað er í gegnum úthlutunarkerfi félagsins og eru leigutímabilin 21. desember til 28. desember og 28. desember til 4. janúar.

Bókað verður jafnóðum í íbúðir í þeirri röð sem umsóknir berast og verður því engin „úthlutun“. Staðfestingargjald verður kr. 5.000 og er það í engu tilfelli endurgreitt. Þegar það hefur verið greitt þarf ekki að greiða eftirstöðvar

leiguverðs fyrir um mánaðamótin nóvember – desember.

Ástæða er til að vekja athygli félagsmanna á því að staðfestingargjaldið er ekki endurgreitt því á hverju ári koma fram óskir um endurgreiðslu á því þrátt fyrir þetta ákvæði. Staðfestingargjaldið er verð sem fólk greiðir fyrir að hafa íbúðina frátekna og þannig ekki í boði fyrir aðra félagsmenn.

Síðustu ár hefur verið unnt að verða við óskum flestra um orlofsdvöl á þessum tíma.

## Frábær nýting sumarhúsa

Nýting sumarhúsa AFLs var nánast 99% í sumar. Þetta er sennilega besta nýting sumarhúsa félagsins í mörg ár. Lökust var nýtingin í Gláðheimum við Blönduós en síðan féllu niður 2 – 3 dagar í Ölfusborgum og Minniborgum

þannig að nýting þar var 98,65%. Að öðru leyti var 100% nýting á leigudögum sumarsins.

Félagið var alls með 25 hús í sumar á 10 stöðum á landinu og leigði alls út 283 vikuleigur í sumar.